

Hljóðs bið ek allar helgar kindir,
meiri ok minni mögu Heimdallar;
viltu, at ek, Valföör! vel framtelja forn spjöll fíra,
þau er fremst um man

Ár var alda þar er Ýmir bygði,
vara sandr né sær né svalar unnir,
jörð fannsk æva né upphiminn,
gap var ginnunga, en gras hvergi

Sól tér sortna, sígr fold í mar
hverfa af himni heiðar stjörnur
geisar eimi ok aldrnari
leikr hár hiti við himin sjalfan

Bræðr munu berjask ok at bönum verðask
munu systrungar sífjum spilla

Skelfr Yggdrasils askr standandi
ymr it aldna tré, en jötunn losnar

Geyr nú Garmr mjök fyr Gnipahelli
festr mun slitna en freki renna

Fjölð veit ek fræða, fram sé ek lengra
um ragna rök römm sigtíva

Sér hon upp koma öðru sinni
jörð ór ægi iðjagræna;
falla forsar, flýgr örn yfir,
sá er á fjalli fiska veiðir

Sal sér hon standa sólu fegra,
gulli þakðan á Gimléi;
þar skulu dyggvar dróttir byggja
ok um aldrdaga ynðis njóta.□